




JÓN GEIR PÉTURSSON

TRÉ ÁRSINS 1995



Tré ársins 1995 er þessi fallegi reyniviður (*Sorbus aucuparia* L.), sem stendur við Ferstiklu í Hvalfirði. Stendur tréð rétt ofan þjóðvegarins, innan við söluskála OLIS og blasir vel við vegfarendum sem leið eiga um þjóðveginn. Var myndin tekin sumarið 1994 í afar góðu vedri og miklum hita. Gaman er að sjá hvern-

ig kindurnar hafa leitað í skugga trésins til að skýla sér fyrir sterkum geislum sólarinnar.

Þetta tré á sér allmikla sögu sem Vífill Búason, bóndi á Ferstiklu, tjáði mér. Var tréð gróðursett árið 1945, ásamt sex öðrum reyniviðartrjám og komu þau að Ferstiklu með Þorleifi Erlendssyni, kennara frá Jarð-

langsstöðum á Mýrum. Fór trjámum vel fram eftir gróðursetninguna og uxu með ágætum. Sá atburður gerðist síðan mörgum árum eftir gróðursetninguna að yfir þau var sprautað kælivökva úr eldvarnarkerfi, en þau voru þá komin vel á legg. Hafði það þær alvarlegu afleiðingar að sex trjanna drápu

TRÉ ÁRSINS 1995



og þetta eina sem eftir lifir kól mjög mikið í kjölfarið. Reynirinn náði sér þó á strik eftir þetta áfall og hefur síðan vaxið og dafnað vel. Segir Vífill að hann hafi reyndar verið eitt ljótasta tréð, þannig að það er gaman að gera sér í hugarlund hve fallegur lundur væri þarna ef þau hefðu öll lifað.

Fyrir nokkrum árum var gamli söluskálinn rifinn og stóð þá til

að fella tréð. Tókst Vífli á Ferstiklu að fá menn ofan af því, en hann hefur lengi staðið vörð um tréð og tryggt það að við því verði ekki hróflað. Hefur hann jafnframt gefið því reglulega áburð.

Áburðargjöfinni hefur verið háttað þannig að hann stingur holur í kringum tréð, sem tilbúinn áburður er síðan látinn ofan í.


Er ekki sjáanlegt annað á trénu

en að sú aðferð gefist vel og á það örugglega sinn þátt í hversu fallegt og þróttmikið það er í dag.

Þessi reyniviður er mikil staðarprýði á Ferstiklu og er vonandi að með því að gera hann að tré ársins hér í Skógræktarritinu verði það tryggt að hann fái að standa í friði um ókomin ár.

Hollt er heima hvað

Í garðlöndum Reykjavíkur gefst þeim borgarbúum, sem ekki hafa garðlönd við heimili sín, tækifæri til þess að afla sér eigin garðávaxta.



Vinnan í matjurtagörðunum sameinar útiveru og holla hreyfingu, auk þess sem hún leysir lífsorku og starfsgleði úr læðingi.



GARÐYRKJÚSTJÓRI REYKJAVÍKUR